

Hveragerðisbær
Hildur Gunnarsdóttir
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 8. maí 2024
UST202404-249/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, reitur AF2 og nýtt deiliskipulag fyrir afþreyingarsvæði í Kömbum ofan við Hveragerði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 fyrir reit AF2 og nýtt deiliskipulag fyrir afþreyingarsvæði í Kömbum ofan við Hveragerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka afþreyingar- og ferðamannasvæði AF2 um 6,7 ha og verður svæðið eftir breytingu 7,6 ha. Auk þess segir til stendur að víkka út afþreyingarmöguleikana í hlíðum Kamba með sleðabraut (e. Alpine Coaster) samsíða Zip-line, en nokkru sunnar.

Framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að sleðabrautinni verður komið fyrir á svæði sem er um 525 m langt og 50-90 m breitt. Lengd sjálfrar brautarinnar er um 950 m, en mæld loftlína um 525 m. Brautin mun liggja að lágmarki 30 cm ofan við jörðu en getur farið hærra eftir legu landsins.

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf einnig um hvernig sleðunum er skilað til baka upp á Kambana.

Rask

Umhverfisstofnun tekur undir að helstu umhverfisáhrifin er áhrif á landslag og ásýnd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að brautin falli vel að landi og valdi ekki óþarfa raski á landi og gróðri.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun og votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

þeirra náttúruþyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraun og votlendi í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir raski á hrauni og votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruþyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur